**20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1871—72.** 1871. 4. marz.

(Fyrsti kafli er samhljóða upphafinu á brèfinu næst á undan).

Um leið og vèr bætum því við, að þeim yfirvöldum á Íslandi, sem í hlut eiga, hefir verið gefin í dag vísbending um þetta efni, leiðum vèr athygli yðar að því, að frá 1. apríl þ. á. á að byggja jarðabókarsjóðs-reikninginn, (o. s. frv. eins og í brèfinu næst á undan til stiptamtmanns).

---

**21. Auglýsing, sem hefir inni að halda áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872.** 4. marz.

(á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt í dag allramildilegast að fallast á áætlun þá, sem hèr fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872.

## Fyrsti kapítuli.

### Tekjur.

1. gr.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872 er ætlazt til, að tekjur Íslands sè 92,832 rd. 21 sk., en þetta fè fæst með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. gr.

2. gr.

Þær tekjur, sem hèr skulu taldar, er ætlað að nemi 36,354 rd. 6 sk.:

1871.
4. marz.

| | | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum | | 1,580. | |
| 2. | gjöld fyrir leyfisbrèf og veitingabrèf | | 400. | |
| 3. | nafnbótaskattur | | 250. | |
| 4. | tekjur af lènssýslum | | 2,560. | |
| 5. | lögþingisskrifara laun | | 32. | 6 |
| 6. | tekjur af umboðssýslugjöldum | | 970. | |
| 7. | konungstíundir | | 3,550. | |
| 8. | lögmannstollur | | 356. | |
| 9. | gjöld af verzlun á Íslandi | 11,600 rd. | | |
| | gjöld af póstgufuskipinu | 994 — | | |
| | | | 12,594. | |
| 10. | tekjur af konungsjörðum | 16,650 rd. | | |
| | að frá dregnum: umboðslaunum, prestmötu, alþingistolli, og fl. | 4,570 — | | |
| | | | 12,080. | |
| 11. | gjald uppí andvirði seldra jarða og fasteigna, og vextir af ógoldnu andvirði, sem hinar seldu eignir enn eru að veði fyrir: | | | |
| | a. vextir | 175 rd. | | |
| | b. borgun uppí andvirðið | 130 — | | |
| | | | 305. | |
| 12. | leigugjöld: | | | |
| | a. af Lundey | 83 rd. | | |
| | b. af silfurbergsnáminum í Helgustaðafjalli | 20 — | | |
| | | | 103. | |
| 13. | afgjald af jörðunni Belgsholti og fl. | | 74. | |
| 14. | óvissar tekjur (hèr eru taldar með sektir samkvæmt hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869) | | 1,500. | |
| | samtals | | 36,354. | 6 |

3. gr.

Gjöld uppí lán og skyndilán verða talin uppá 7,472 rd. 15 sk., sumsè:

1871.
4. marz.

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. uppí alþingiskostnað | | 5,500. | |
| 2. önnur endurgjöld: | | | |
| a. uppí lán til aðgjörða við stiptamtmannshúsið i Reykjavík | 269 rd. 15 sk. | | |
| b. uppí lán til þess að byggja kirkju á Eyri | 108 — | | |
| c. uppí skyndilán útaf fjárkláðanum á Íslandi | 500 — | | |
| d. uppí skuld fyrrum sýslumanns Baumanns | 95 — | | |
| e. uppí lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvalla klausturs | 220 — | | |
| f. uppí lán til þess að afstýra hallæri í suður- og vesturumdæmi Íslands | 780 — | | |
| | | 1,972. | 15 |
| samtals | | 7,472. | 15 |

4. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum, samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, verður talið 49,006 rd., sumsè:

| | rd. | rd. |
|---|---|---|
| hið fasta tillag | 30,000. | |
| aukatillag | 20,000. | |
| | 50,000. | |
| samkvæmt 6. grein laganna verður dregið frá | 994. | |
| samtals | 49,006. | |

## Annar kapítuli.

### Útgjöld.

5. gr.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marz-

1871. 4. marz. mánaðar 1872 er ætlað á, að útgjöld Íslands verði alls 92,832 rd. 21 sk., samkvæmt þeim gjalda-greinum, sem skýrt er frá í 6—11 gr.

6. gr.

Útgjöld, er snerta dómsmálastjórnina, eru talin að nemi 33,495 rd., sumsè:

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| A. 1. Laun embættismanna . . | 23,181 rd. 64 sk. | | |
| 2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. gr. . . . . . . . . . | 2,884 — | 26,065. | 64 |
| B. Skrifstofufè, o. s. frv.: | | | |
| 1. skrifstofufè og borðfè handa stiptamtmanni (hèr með er talið endurgjald handa stiptamtmanni fyrir það, að hann fær ekki framar flutning kauplaust með póstgufuskipinu) | 2,150 rd. | | |
| 2. skrifstofufè handa amtmanninum í vesturumdæminu . . . . . . . | 550 — | | |
| 3. skrifstofufè handa amtmanninum í norður- og austurumdæminu . . | 600 — | | |
| 4. skrifstofufè handa landfógeta . . | 500 — | 3,800. | |
| C. Önnur útgjöld: | | | |
| 1. þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við landsyfirrèttinn | 500 rd. | | |
| 2. styrkur í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufunesi | 96 — | | |
| 3. póstgöngur á Íslandi. . . | 1,000 — | | |
| 4. styrkur til garðaræktar, o. s. frv. . . . . . . . . . . | 300 — | | |
| 5. styrkur til útbýtingar á læknismeðölum handa fátæklingum . . . . . . . . | 400 — | 2,296. | |
| yfir um . . . | | 32,161. | 64 |

1871. 4. marz.

| | | rd. sk. |
|---|---|---|
| | handan að | 32,161. 64 |
| 6. styrkur handa hinu íslenzka bókmenntafèlagi til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi | 400 — | |
| 7. styrkur til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland | 933 — 32 sk. | 1,333. 32 |
| | samtals | 33,495. |

7. gr.

Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, eru talin 26,962 rd. 72 sk., sumsè:

| | | rd. sk. |
|---|---|---|
| A. 1. Laun embættismanna | 13,500 rd. | |
| 2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9 gr. | 1,900 — | 15,400. |
| B. 1. Fyrir umsjón (við skólann) | 300 rd. | |
| 2. aðstoðarfè | 800 — | |
| 3. viðbót eptir kornverði | 160 — | 1,260. |
| C. Önnur útgjöld í þarfir andlegu stèttarinnar: | | |
| 1. til fátækustu brauða | 318 rd. 72 sk. | |
| 2. til nokkurra brauða í fyrveranda Hóla stipti | 300 — | |
| 3. til prestsekkna og barna | 400 — | |
| 4. styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum | 500 — | |
| 5. skrifstofufè handa biskupi | 400 — | 1,918. 72 |
| D. Önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla: | | |
| 1. fyrir húsrúm til prestaskólans | 250 rd. | 250. |
| | yfir um | 18,828. 72 |

1871.
4. marz.

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | handan að | 18,828. | 72 |
| 2. húsaleiga handa 10 lærisveinum við prestaskólann, 40 rd. handa hverjum | 400 — | | |
| 3. til bókakaupa við prestaskólann | 200 — | | |
| 4. til tímakennslu við hinn sama | 100 — | | |
| 5. til ýmislegra útgjalda við hinn sama | 150 — | | |
| 6. til bókakaupa við hinn lærða skóla | 500 — | | |
| 7. til eldiviðar og ljósa | 700 — | | |
| 8. til skólahússins utanstokks og innan | 700 — | | |
| 9. til tímakennslu | 530 — | | |
| 10. ölmusur við hinn lærða skóla | 4,000 — | | |
| 11. fyrir að semja reikninga skólans | 100 — | | |
| 12. skrifstörf og útreikningar | 100 — | | |
| 13. fyrir prestsverk | 24 — | | |
| 14. þóknun handa lækni | 30 — | | |
| 15. ýmisleg útgjöld | 600 — | | |
| | | 8,134. | |
| | samtals | 26,962. | 72 |

8. gr.

Eptirlaun eru talin 11,000 rd.

9. gr.

Til kostnaðar við alþing 1871 eru ætlaðir 12,000 rd.

10. gr.

Til þess að stofna hjálparsjóð eru ætlaðir 5,000 rd.

11. gr.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 4,374 rd. 45 sk.

þetta skal hèrmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 1871. 4. marz.

Í dómsmálastjórninni, 4. dag marzmánaðar 1871.

*Fr. Krieger.*

*Fr. Reinhardt.*

---

## 22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um sýsluskiptingar.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt í dag auk annars að fallast á:

1. að Mýrasýsla í vesturumdæmi Íslands, sem hingað til hefir verið sameinuð við Hnappadalssýslu, megi vera lögsagnarumdæmi útaf fyrir sig, og að afgjaldið af sýslunni skuli vera 80 rd. á ári;

2. að sameina megi Hnappadalssýslu við Snæfellsnessýslu þannig, að afgjaldið af báðum sýslunum sameinuðum verði 40 rd. á ári; og

3. að veita megi sýslumanni konungstíundina af Barðastrandarsýslu gegn afgjaldi, og að afgjaldið af öllum gjaldheimtum í sýslunni verði fært niður til 20 rd. á ári; skal allt talið frá næsta fardegi eða 6. júní þ. á.

Um leið og vèr gefum yður, herra amtmaður, þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr sjáið um, að því verði þinglýst og þær ráðstafanir gjörðar, sem með þarf útaf þessari breytingu á lögsagnarumdæmum, eruð þèr beðnir þess, að bjóða hlutaðeigandi sýslumönnum, innan hæfilegs tímafrests, sem þèr takið til, að semja útskriptir þær, sem með þarf, af veðsetningabókunum, að því leyti, er snertir Hnappadalssýslu, sem nú á að leggjast til Snæfellsnessýslu, svo sem fyr segir, og jafnframt láta til þær skýrslur og útskriptir af embættisbókunum, sem nauðsynlegar verða sökum þeirrar breytingar, sem með þessu er gjörð á lög-